



Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 28. mars 2025

**Heimild aga- og úrskurðarnefndar og áfrýjunardómstóls til að gæta nafnleyndar vegna  
viðkvæmra upplýsinga**

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 27. mars sl. voru samþykktar breytingar á reglugerðum sambandsins. Um er að ræða sömu efnislegu breytingu á eftirfarandi reglugerðum:

- **Reglugerð um aga- og úrskurðarmál**
  - Ákvæði um nafnleynd bætt við 11. gr.
- **Reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ**
  - Ákæðvi um nafnleynd bætt við 10. gr.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum ásamt greinargerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.  
Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er **yfirlitriðkað**.

---

**REGLUGERÐ KSÍ  
um aga- og úrskurðarmál**

11. grein – Birting úrskurða

11.1 Nefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti til formanns knattspyrnudeilda, framkvæmdastjóra og þeirra aðila sem félagið hefur tilkynnt KSÍ um eða kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts hvílir alfarið á móttakanda

11.2 Úrskurður nefndarinnar, ásamt rökstuðningi, skal einnig birtur á heimasíðu KSÍ strax eftir uppkvaðningu hans.

11.3 Við birtingu úrskurða skal gæta nafnleyndar um þá sem þar eru greindir ef sérstök ástæða er til, svo sem þegar um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni, málefni barna og/eða málefni sem geta verið refsiverð lögum samkvæmt. Þegar nöfnum er haldið leyndum skal jafnframt afsmá önnur atriði úr úrskurði sem geta tengt aðila eða aðra við málid.

**REGLUGERÐ KSÍ  
um áfrýjunardómstól KSÍ**

10. gr. – Birting dóma

10.1 Dómstóllinn sendir málsaðilum staðfest endurrit dóms jafnskjótt og hann hefur verið kveðinn upp með tölvupósti til formanns knattspyrnudeilda/ráðs, þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt KSÍ um eða áfrýjanda sem getið er í áfrýjunarskjali og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts hvílir alfarið á móttakanda.

- 10.2 Dómur skal einnig birtur á heimasíðu KSÍ eftir að hann hefur verið birtur aðilum málsins.
- 10.3 Við birtingu dóma skal gæta nafnleyndar um þá sem þar eru greindir ef sérstök ástæða er til, svo sem þegar um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni, málefni barna og/eða málefni sem geta verið refsiverð lögum samkvæmt. Þegar nöfnum er haldið leyndum skal jafnframt afmá önnur atriði úr dómi sem geta tengt aðila eða aðra við málið.


#### **Greinargerð:**

Verið að veita bæði aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstól KSÍ heimild til að gæta nafnleyndar þegar viðkvæm málefni eru annars vegar. Lagt er í hendur nefndar og dómstóls að meta hverju sinni hvort tilefni sé til nafnleyndar. Sambærileg regla gildir innan dómstóla um birtingu úrlausna í einkamálum þegar sérstök ástæða er til. Að sama skapi gildir sú meginregla um birtingu úrlausna í sakamálum að gæta skuli nafnleyndar um ákærða sé hann sýknaður. Þá er kveðið á um í nýjum siðareglum KSÍ að birta skuli úrskurði siðanefndar að teknu tilliti til viðkvæmra upplýsinga og rétt að heimild til að gæta nafnleyndar sé einnig til staðar hjá bæði aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstól KSÍ.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið [axel@ksi.is](mailto:axel@ksi.is) eða í síma 510-2912.

Virðingarfyllst,  
f.h. KSÍ

  
Axel Kári Vignisson lögmaður,  
yfirlögfræðingur KSÍ.